

## Gröf

Svör við spurningum.

Sigurður Lárusson, Álfhólsvegi 99, Kópavogi, skráði svör við spurningum um örnefni Grafar í ágúst 2000. Eftirfarandi er unnið úr svörum Sigurðar og spurningunum.

1. **Rauðsteinalækur** (57) rennur austanvert við Hjaltalínsholt, sem sagt frá Grafargili (7) meðfram Hjaltalínsholti og til sjávar um **Vörðutanga** (58).
2. **Eldhamrar** (59) eru að hluta til í landi Grafar. Ekki er sögn um nafnið svo ég viti.
3. Kristín bjó í litlum bæ, sem stóð á Kristínartúni (1); annað veit ég ekki.
4. Ekki sjást kvíatóftirnar á Kvíabardði (5). Ekki er vitað hvenær síðast var fært frá í Gröf.
5. Gömlu tóftirnar við Grafargil (7) sjást enn.
6. Þegar komið er upp á Nónkúlu (24) blasir Litlhóll (9) við.
7. Gilkúla (11) er á móti Hærra- og Lægra-Hellnafelli í Hellnafellslandi.
8. Seltóftir sjást við Selborgir (14).
9. Nöfnin, sem nefnd eru í lýsingu leiðarinnar suður í Staðarsveit, austan Kvernár, eru í Kvernárlandi.
10. Ég (S.L.) þekki ekki annað nafn er Baulukró (22).<sup>1</sup>
11. Lækurinn í Merkjalaus (25) heitir **Merkjalækur** (60).
12. Sjávarkambur kallast þegar smámöl hefur borist á land og myndað þykkt lag af áðurnefndri möl á mótum sjávar og lands. Þetta má líka kalla fjörukamb. Stærsti fjörukamburinn í Grundarfirði er Grundarkambur; þar höfðu franskir sjómenn aðsetur áður fyrr.
13. Krákan (34) er nú veitingahús.

---

<sup>1</sup> Baulugrófir í skrá Þorleifs Jóhannessonar.

14. Ég (S.L.) veit ekki hvort Gildrutangi (43) dregur nafn af refagildru. Hann er allur í Grafarlandi.
15. Í framhaldi af Hjaltalínsholti koma aflíðandi brekkur, sem mynda Ölkeldudal (45). Dvalarheimili aldraðra var byggt í mynni dalsins.
16. Ég (S.L.) veit ekki hvernig stendur á nafninu Hundafoss (47).
17. Annar hóllinn er Litlhóll (9) (sbr. sp. 6); hann er frekar lágur. Hellhóll (48) er þakinn hellum að nokkru.
18. Gröf á land í Egilsskarð (50). Engin sögn er um tilefni nafnsins sem mér er kunnugt um. Tröllkarlinn (56) er ekki á landamerkjum, en hann er í landi Grafar. Hann er hár tindur austan við Egilsskarð, með hærri tindum í fjallgarðinum umhverfis Grundarfjörð.
19. Stórhóll (52) er rétt nafn á milli Kvernár (49) og Gráfells (51).
20. Hesthjallar eru tveir og heita Efri- (53) og Neðri-Hesthjalli (54).
21. Það fer tvennum sögum um hvort **Grafarnes** (61) var örnefni í Grafarlandi áður en þéttbýlið reis þar.

Viðbót:

**Borgarskarð** (62) er sunnanvert í Gráborg (13).

**Brattigangur** (63) er niður undan Nautaskarði (23).

**Borgarflói** (64) er umhverfis Litlhól (9) og Hellhól (48).

Skráð í símtali við Sigurð Lárusson 1. sept. 2000:

Merkjalækur (10) er á landamerkjum Grafar og Hellnafells og liggur upp í Eldhamra, fyrir ofan Hundafoss. Merkjálækur (60) er merki milli slægjulanda Grafarbæja. Gröf varð tvíbýli 1905 og slægjuland skiptist.

Kverná rennur eftir **Arnardal** (65) og Gröf á dalinn sín megin við ána.

Hús Björgvins Bjarnarsonar hét Lengja (38). Uppsátrið sem hann gerði niður af því vann hann með meitli og hamri.

Sr. Jens Hjaltalín, sem var prestur á Setbergi 1881-1918, talar um Grafarnes í endurminningum sínum. Þær hafa ekki verið gefnar út, en eru til í vélriti og Sigurður hefur lesið þær. Sr. Jens segist senda menn út í Grafarnes að fá „uppyrking“.<sup>2</sup>

Vörðutangi (58), þar sem Rauðsteinalækur rann til sjávar, skiptist milli Grafar og Hellnafells. Hjaltalínsholt er allt í Hellnafellslandi.

Í sjávarkambinum er sæbarin smámöl, ekki sandur. Þetta er dálítið stórt svæði. Þarna höfðu Frakkarnir aðstöðu, skipuðu upp og átti að þurrka þar fisk.

Örnefnastofnun, 4. sept. 2000

Jónína Hafsteinsdóttir

---

<sup>2</sup> Skv. Orðabók Menningarsjóðs er uppyrkingur „gamalt, safalaust hey“.

Stafrófsskrá örnefna.

Arnardalur 65  
Borgarflói 64  
Borgarskarð 62  
Brattigangur 63  
Eldhamrar 59  
Grafarnes 61  
Merkjalækur 60  
Rauðsteinalækur 57  
Vörðutangi 58